

STARFSÁÆTLUN

1. Hlutverk einingar

Bókasafnið er menningar-, upplýsinga- og þekkingarsetur og samverustaður bæjarbúa. Bókasafn Reykjanesbæjar starfar skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012 um almenningsbókasöfn. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Bókasöfn jafna tækifæri fólks í samfélaginu með aðgengi fyrir alla. Í safninu er lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreyttan safnkost til að geta þjónað öllum almenningi, fræðslu og menningarviðburði.

2. Markmið og framtíðarsýn

Bókasafnið er menningarmiðja bæjarins. Markmið bókasafnsins er að veita íbúum aðgang að fjölbreyttum safnkosti og upplýsingum á mismunandi formi. Safnið stuðlar að eflingu menningar- og vísindastarfsemi, menntunar, símenntunar, atvinnulífs, íslenskrar tungu, ánægjulesturs og upplýsingalæsis. Starfsmenn safnsins búi yfir fagmennsku, veiti góða þjónustu og sýni frumkvæði. Aðstaða til viðburðahalds og fræðslu verði eins og best verður á kosið. Bókasafnið sé hlutlaus staður, án áreitis „þriðji staðurinn“ á eftir heimili, vinnu eða skóla.

3. Áherslur 2018

Bókasafn Reykjanesbæjar er elsta stofnun Reykjanesbæjar og þann 7. mars 2018 verða 60 ár síðan safnið var opnað fyrir almenning. Mun starf ársins litast mjög af afmælisárinu þar sem þemað verður „Tíminn“. Árið 2018 verður áframhald á breytingum í skipulagi safnsins. Boðið verður upp á áhugaverð bókmenntakvöld og viðburði fyrir alla bæjarbúa með áherslu á samveru fjölskyldunnar.

- Hafa stefnumótunarfund með áhugasömum bæjarbúum í byrjun árs 2018.
- Í tilefni afmælis verða búnir til taupokar með logo og slagorði, bókamerki, pennar og fleira.
- Vegleg afmælis dagskrá í marsmánuði.
- Samstarf við Víkurfréttir, stuttir molar frá bókasafninu og Eymundsson varðandi bókagjafir.
- Áhersla á Rafbókasafnið í gegnum rafbókaveituna Overdrive.
- Leitartölvur fyrir almenning endurnýjaðar.
- Lífligt viðburðarhald. Eitthvað fyrir alla bæjarbúa, bókmenntaviðburðir, sögustundir, fyrirlestrar og kynningar, tómsundariðja, kynningar, hugleiðsluhádeggi, foreldramorgnar, leshringur, bókabíó, þrjónahlýja og fjölmenningsdagur.
- Upplýsingaþjónustan og aðstaðan á neðri hæð verulega bætt svo og aðstaðan fyrir lánþegatölvurnar. Boðið verði upp á þá þjónustu að gestir geti fengið aðstoð við uppsetningu smáforrita, lesbretta og i-pad, t.d. að streyma gögnum á tækið og kennsla á tækin.
- Barna- og unglingastarf. Áfram unnið að samstarfi við grunnskóla bæjarins m.s. með bekkjarheimsóknum, kynna þeim starfsemina með safnfræðslu í gegnum leik, lesa úr nýjum bókum og almennt vekja áhuga grunnskólanema með lestrarhvetjandi verkefnum. Búa til lestrarhvetjandi verkefni og leiki ungmenni eins og með myndbandakeppni. Áherslan verður sem áður á læsi og finna skemmtilegar leiðir til að ná til barna og unglinga í samfélaginu.
- Áframhald á samstarfi almenningsbókasafna á Suðurnesjum um bókmenntakynningar (kynning á bókmenntaarfinum).

- Sýningar í Áttthagastofu. Fyrsta sýning ársins verður frá Leikskólanum Tjarnarsel í tilefni 50 ára afmælis skólans. Þá verður sett upp sýning um Bókasafn Reykjanesbæjar sem spannar 60 ára sögu þess.
- Þemagarður. Byrjað verði á þemagarða við austurhlið Ráðhúss í samvinnu við USK. Í garðinum getur fjölbreytt starfsemi þrífist t.d. upplestur, frásagnir, sögustundir, útileikir og nestisaðstaða.
- Sumarlestur grunnskólabarna og leikskólabarna á leið í skóla.
- Heilakúnstir. Heimanámsaðstoð á bókasafninu í samstarfi við Rauða krossinn fyrir börn og unglíng. Sjálfboðaliðar aðstoða nemendur.
- Fjölmening. Starfsmaður bóksafnsins er í fjölmeningarráði Reykjanesbæjar. Heimskonur hittast í safninu, og starfsmaður safnsins er aðili að hópnum. Fjölmeningalegir viðburðir.
- Allir starfsmenn bókasafnsins verða í teyllum eftir þekkingu og áhuga hvers og eins.
- Áfram verði leitað allra leiða og þær nýttar við að kynna og markaðssetja starfsemi og þjónustu safnsins með fréttabréfum, póstslístum og á samfélagsmiðlum.